

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

129. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 15. ágúst 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Samþykkt um stjórn Þingeyjarsveitar – seinni umræða:
3. Erindi – Flugfélagið Ernir:
4. Erindi – skólaakstur:
5. Erindi – SANA:
6. Erindi – Félag sumarhúsaeigenda í Lundsskógi:
7. Miðhvammur – nýtt rekstrarleyfi:
8. Félagsheimilið Breiðamýri – endurnýjun á rekstrarleyfi:
9. Staðarbraut (854) – staðfesting afgreiðslu milli funda:
10. Endurnýjun á rekstrarleyfum – staðfesting afgreiðslu milli funda:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 807. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 17. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- c) Aurskriður í Kinnarfelli:

Mætt: Ólína Arnkeldsdóttir, Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Gísli Sigurðsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

- 1. Fundarsetning:**
Oddviti setti fund.

2. Samþykkt um stjórn Þingeyjarsveitar – seinni umræða:

Lögð fram drög að samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar til síðari umræðu. *Drögin samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda þau Innanríkisráðuneytinu til staðfestingar og birtingar í Stjórnartíðindum.*

3. Erindi – Flugfélagið Ernir:

Tekið fyrir erindi frá Herði Guðmundssyni, forstjóra Flugfélagsins Ernis, dags. 10. ágúst s.l. þar sem hann óskar eftir stuðningi Þingeyjarsveitar til að þrýsta á samgönguyfirvöld um úrbætur á aðflugsbúnaði á Aðaldalsflugvelli. *Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og mun leita eftir samstarfi við bæjarstjórn Norðurþings um framhald málsins.*

4. Erindi - skólaakstur:

Tekið fyrir erindi frá Ástþóri Erni Árnasyni, dags. 12. júlí s.l. er varðar skólaakstur. Ástþór óskar eftir skýringu sveitarstjórnar á af hverju skólaakstur við Stórutjarnaskóla hafi ekki verið boðinn út s.l. haust. *Vorið 2012 var gerður viðauki við samninga núverandi skólaláblstjóra Þingeyjarsveitar um að framlengja ráðningasamninga til fjögurra ára. Voru gildandi samningar taldir ásættanlegir og framlenging í samræmi við 7. gr. innkaupareglna Þingeyjarsveitar. Þess ber þó að geta að allir samningar við skólaláblstjóra eru uppsegjanlegir af beggja hálfu fyrir 31. maí ár hvert.*

5. Erindi – SANA:

Tekið fyrir erindi frá Samtökum atvinnurekenda á Norðurlandi, dags. 2. júlí s.l. þar sem óskað er liðsinni sveitarfélagsins við að knýja á um eðlilega vetrarþjónustu á helstu samgönguleiðum og tengivegum að vinsælum ferðamannastöðum innan héraðsins. *Sveitarstjórn lýsir fullum skilningi á málinu og skorar á samgönguyfirvöld að taka af alvöru á þessu vandamáli í samræmi við vaxandi fjölda ferðamanna að vetrarlagi.*

6. Erindi – Félag sumarhúsaeigenda í Lundsskógi:

Tekið fyrir að nýju erindi frá stjórn Félags sumarhúsaeigenda í Lundsskógi, dags. 7. júlí s.l. þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið ásamt fleirum komi að gerð varanlegs vegar frá Mörk að gatnamótum við Höfðabyggð. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu erindisins þar sem ekki lá fyrir svar frá Vegagerðinni við erindi sveitarfélagsins þar sem óskað var eftir því að hluti umrædds vegar yrði tekinn í tölu héraðsvega. *Svar frá Vegagerðinni barst 11. júlí s.l. og þar segir m.a.: „Í 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 er heimildarákvæði um héraðsvegi að sumarhúsahverfum með 30 bústaði eða fleiri. Vegna niðurskurðar í fjárveitingum til Vegagerðarinnar og þar sem um heimildarákvæði er að ræða hefur Vegagerðin hafnað umsóknnum um að vegir að sumarhúsahverfum verði teknir inn sem héraðsvegir og á það við í þessu tilfalli.“ Í ljósi svars Vegagerðarinnar sér sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu að sinni.*

7. Miðhvammur – nýtt rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 1. ágúst s.l. um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga í Miðhvammi í Þingeyjarsveit. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

8. Félagsheimilið Breiðamýri – endurnýjun á rekstrarleyfi:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 31. júlí s.l. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu veitinga á Félagsheimilinu Breiðamýri í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.

9. Staðarbraut (854) – staðfesting afgreiðslu milli funda:

Lögð fram til staðfestingar umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 4. júlí s.l. er varðar Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur-Laxá. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn sveitarstjórnar þar sem í ljós kom að framkvæmd sem veitt hafa verið leyfi fyrir og Vegagerðin boðið út fellur undir lög á mati á umhverfisáhrifum, þar sem um er að ræða enduruppbyggingu vegar á verndarsvæði.

Með vísan í bréf og fylgigögn Skipulagsstofnunar dags. 1. júlí 2013 um framangreint efni hefur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fjallað um málið í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum og telur að umrædd framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Væntanleg framkvæmd hefur einnig verið kynnt Umhverfisstofnun og Minjastofnun ríkisins, sem ekki hafa gert við hana neinar athugasemdir. Sveitarstjórn staðfestir ofangreinda afgreiðslu.

10. Endurnýjun á rekstrarleyfum – staðfesting afgreiðslu milli funda:

Lagt fram til staðfestingar eftirfarandi umsagnarbeiðnir frá sýslumanninum á Húsavík um endurnýjun rekstrarleyfa:

Dags. 2. júlí s.l. til sölu heimagistinga í heimahúsi að Klambraseli í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Dags. 5. júlí s.l. til sölu heimagistinga í Haga I í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Dags. 11. júlí s.l. til sölu gistingar á Bollastöðum veiðihús, í landi Lauta í Reykjadal, Þingeyjarsveit.

Dags. 25. júlí s.l. til sölu gistingar í Stóru-Tungu í Bárðardal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun rekstrarleyfanna fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn staðfestir ofangreinda afgreiðslu.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 807. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 17. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- c) Aurskriður í Kinnarfelli:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:50

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Gísli Sigurðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson